

Mánudaginn 24. janúar 1944.

Nr. 47/1943. **Dánarbú Karvels Jónssonar**
(Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn

Agli Ragnars (Gunnar J. Möller).

Skuldamál. Nauðasamningar. Ábyrgð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur uppkveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. apríl f. á., krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 5654.50 með 5% ársvöxtum frá 4. sept. 1942 til greiðsludags, en til vara 21% af kr. 4508.56 að viðbættum 5% ársvöxtum frá 30. sept. 1936 til upphafs nauðasamninga, 20. okt. 1939, eða kr. 1088.64 ásamt 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega, að honum verði dæmt að greiða 21% af kr. 4508.56 eða kr. 946.80, en til vara kr. 1088.64 ásamt 5% ársvöxtum af hvorri upphæðinni, sem dæmd yrði, frá 4. sept. 1942 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er ágreiningslaust, að hinn 30. sept. 1936 skuldaði áfrýjandi Óskari Halldórssyni útgerðarmanni kr. 4508.56, og skyldu vextir greiðast af skuld þessarri. Með yfirlýsingu 2. maí 1937 tók stefndi að sér greiðslu skuldarinnar og veðsetti áfrýjanda til tryggingar efnudum af sinni hálfu 300 tómar sildartunnur og 50 tunnur af salti, er voru geymdar hjá þriðja manni, og átti áfrýjandi rétt á að fá veðið afhent, ef stefndi greiddi ekki skuldina fyrir 20. júlí 1937. Yfirlýsing þessi var ekki þinglesin, og ekki verður séð, að geymslu- maður hafi haft vörzlur muna þessara fyrir áfrýjanda. Stofnuðust því með yfirlýsingunni hvorki sjálfsvörzluveð, handveð né önnur hlutbundin réttindi yfir framangreind-

um verðmætum. Hinn 20. október 1939 leitaði stefndi nauðasamninga við lánardrottna sína. Tókust þeir á þá leið, að stefndi skyldi greiða 21% af almennum kröfum, og voru samningarnir staðfestir í skiptarétti 31. marz 1940. Nauðasamningarnir náðu til kröfu áfrýjanda, enda þótt hann lýsti henni ekki eða hún kæmi á annan hátt fram meðan á samningunum stóð, sbr. 2. málsgr. 37. gr. laga nr. 19 frá 1924.

Átti því áfrýjandi sem almennur kröfuhafi rétt á að fá 21% af kröfu sinni, eins og hún var að viðbættum vöxtum við upphaf nauðasamninganna. Þessi hundradshluti kröfunnar nemur samkvæmt reikningi umboðsmanna aðilja kr. 1088.64. Ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 13. apríl 1940, en þá var skuldin eindöguð samkvæmt nauðasamningunum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 1200.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Egill Ragnars, greiði stefnandanum, dánar-búi Karvels Jónssonar, kr. 1088.64 með 5% ársvöxtum frá 13. apríl 1940 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 22. des. 1942.

Með stefnu, dags. 9. sept. s. l., krefst stefnandinn, Ingólfur Jónsson héraðsdómslögmaður Reykjavík fyrir hönd Karvels Jónssonar útgerðarmanns Ísafirði, að stefndur, Egill Ragnars sildarkaupm. Siglufirði, verði dæmdur til greiðslu á kr. 6719.15 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 5. sept. s. l., 300 kr. í innheimtulaun og málskostnað eftir gjaldskrá M. F. Í. eða eftir mati, en í málflutningnum er málskostnaðar krafizt með kr. 879.34 eftir sundurliðuðum reikningi. Auk þess krefst stefnandi, að veð, sem stefndur setti fyrir skuldarviðskiptunum, verði dæmt í fullu gildi sem handveð, en til vara sem sjálfsvörzluveð. Stefnandi telur málavöxtu þessa:

Karvel Jónsson útg. Ísafirði hafi skuldað Óskari Halldórssyni timbur í sildarverkunarstöð í Ingólfsfirði, er hann átti á félagi við

stefndan. Stefnur hafi svo keypt hluta Karvels í stöðinni vorid 1937 og lofað Karvel Jónssyni að greiða þessa skuld til Óskars Halldórssonar og veðsett Karvel Jónssyni 300 tómar sildartunnur og 50 tunnur fint salt til tryggingar skuldinni, og er veðskjalið, dags. 2. maí 1937, lagt fram í máli þessu. Hina umstefndu skuld, kr. 6719.15, telur stefnandi tilkomna þannig:

Við septemberlok 1936 hafi Karvel Jónsson skuldað Óskari Halldórssyni kr. 4508.56. Þar við bætist svo 5% vextir frá 30. sept. 1936 til 30. okt. 1941, eða kr. 1145.94, málskostnaður í máli seljanda timbursins til bryggjunnar gegn Óskari Halldórssyni til greiðslu skuldar þessarar samkv. dóminum 600 kr., fjárnámskostnaður milli sömu aðilja, kr. 276.85, 5% vextir af upphæðinni frá 1. nóv. til 1. sept. 1942, kr. 187.80, er til samans nemi áminnztri stefnuupphæð. Hafi stefndur með veðskjalinu 2. maí 1937 ekki aðeins veðsett áminnstar tunnur og salt, er hann átti geymt hjá Alfons Jónssyni, heldur einnig lofað að afhenda Karvel hið veðsetta, sbr. orðin: „Þetta er geymt í lagerhúsi hr. Alfons Jónssonar Siglufirði og afhendist Karvel, ef inneign hr. Óskars Halldórssonar við Ingólfsfjarðarstöðina verður ekki greidd af mér á réttum tíma, eða ekki seinna en 20. júlí þ. á.“ Sé hér loforð stefnds um að afhenda hið veðsetta án dóms eða sáttar. Að visu hafi stefndur gert nauðasamninga 1939, en stefndur hafi ekki lýst þessari skuld sinni við nauðasamningana, og bæði af því, að stefndur lýsti ekki skuld sinni þar, og af því, að skuld þessi var tryggð með veði og heyrði því ekki undir þá, enda skuldareiganda aldrei tilkynnt um nauðasamninginn, sem þó hefur verið skylt.

Stefndur telur, að hann hafi ábyrgzt greiðslu á kr. 4508.36, en án vaxta og kostnaðar, og málf lutning stefnds er ekki hægt að skilja öðru vísi en svo, að hér sé ekki aðeins að ræða um ábyrgð hans, heldur að hann við kaup hans á hluta Karvels Jónssonar í Ingólfsfjarðarstöðinni hafi tekið að sér að greiða Óskari Halldórssyni umrædda skuld kr. 4508.36, lofað Karvel því. Stefnur telur hins vegar, að vextir þeir, er stefnandi hafi lagt á skuldina og málskostnaður og fjárnámskostnaður, er orsakazt hafi af því, að seljandi timburs hafi fengið dóm á Óskar Halldórsson fyrir skuldinni og gert fjárnám hjá honum, sé sér óviðkomandi. Það sé að visu rétt, að umstefnda skuld hafi hann ekki gefið upp á skrá sinni til nauðasamninga, hann hafi gleymt því, af því að hann hafi búið til skrána utan síns heimilis, er hann hafði bækur sínar, en þar sem hafi verið gefin út innköllun skiparáðanda til skuldheimtumanna við nauðasamninga og skiptarétturinn staðfest nauðasamninga 13. marz 1940, án þess að skuldareigandi hafi lýst kröfunni í búið, sé skuldin, kr. 4508.36, burtu fallin, og krefst stefndur því sýknu af kröfum stefnanda, líka af málskostnaðar- og innheimtukuröfunni, er hann einnig telur of háa, einkum fyrir það, að eigi megi reikna bæði innheimtu-

laun og málf lutningslaun fyrir sömu kröfuna, og fyrir það, að stefnuvottar hafi innan kaupstaðar tekið bifreið til birtingar stefnunnar og kafið 7 kr. í bifreiðarkostnað. Stefnur krefst og, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Í téðu veðsetningarskjali stefnds frá 2. maí 1937 stendur: „Ég undirritaður Egill Ragnars Siglufirði veðset hér með Karvel Jónssyni Ingólfsfirði 300 tómar sildartunnur ($\frac{1}{2}$ tunnur), 50 tunnur fint salt . . .“ o. s. frv., eins og áður er tilkynnt um innihald skjalsins. Veðskjalið hefur því að innihaldi: a. m. k. veðsetningu og skuldbindingu um afhendingu veðsins. Veðskjalið hefur alls ekki að innihaldi handveðsetningu. Eins og kunnugt er, er handveð aðeins um að ræða, er veðhafinn hefur það í vörzlum sínum eða lætur aðra hafa vörzlu þess fyrir sína hönd. Hér er veðið í geymslu manns, sem veðhafinn hefur komið því í geymslu hjá, áður en það er veðsett. Slík varzla geymandans verður því að teljast sem varzla veðsalans, og að hér sé því aðeins að ræða um sjálfsvörzluveð, en ekki handveð. Orðin: „og afhendist Karvel ef . . .“ sýna og, að tilætlunin er, að varzlan yfirfærast þá fyrst til veðhafans, ef inneign Óskars Halldórssonar greiðist ekki af stefnda, og jafnvel þótt það væri rétt hjá stefnanda, að tilætlunin hefði verið, að þá ætti Karvel að eignast veðið, sem þó virðist óeðlilegt, yrði veðsetningin 2. maí 1937 þar fyrir ekki handveðsskjal. Aftur á móti verður að telja skjalið veðsetningu sjálfsvörzluveðs, og skuldbindingu um að afhenda umrætt veð til handveðs, ef inneign Óskars Halldórssonar yrði ekki greidd af stefndum. Af þessu leiðir, að um stofnun og vernd veðs þessa fer sem um stofnun og vernd veðréttar í lausafé, eða m. ö. o. eftir ákvæðum 7. gr. veðlaga 18/1887, en af því leiðir, að þar sem veði þessu hefur ekki verið þinglýst í tæka tíð, ónýtist veðrétturinn, og krafa stefnanda verður almenn krafa, ef um sérstaka kröfu er að ræða, er liggur til grundvallar veðsetningunni. Hitt er þá annað mál, að eftir er að rannsaka, hvort skuldbinding stefnds um að „afhenda“ Karvel Jónssyni veðið sé ekki í fullu gildi enn. Á því er enginn efi, að veðskjalið hafði að innihalda þessa skuldbindingu, en telja verður, að slík skuldbinding fyrnist á 4 árum samkv. 1. lið 3. gr. laga 14/1905, og sé því fyrnd nú, enda myndi hún og vera fallin niður fyrir innköllun skiptaráðanda í búi stefnds, er það var tekið til nauðasamningameðferðar, 4. des. 1939, og nauðasamningar staðfestir 13. marz 1940. Þar sem krafan er ekki hlutaréttar eðlis, þótt krafa til afhendingar hlutar sé.

Kemur þá til athugunar, hvort umrætt veðskjal sé ekki jafnframt viðurkenning á skuld stefnds við stefnanda. Í orðunum „ef inneign hr. Óskars Halldórssonar við Ingólfsfjarðarstöðina verður eigi greidd af mér á réttum tíma“, virðist liggja bæði bein og óbein viðurkenning þess, að stefndur eigi að greiða þessa inneign,

einkum vegna orðanna „á réttum tíma“. Orðatiltæki um að borga eitthvað á réttum tíma benda til skyldu til greiðslu. Veðskjalið verður því að teljast líka skrifleg viðurkenning stefnds á skyldu til þess að borga umrædda inneign án þess, að í viðurkenningu þessari sé falið, hve mikil inneignin sé. En af málf lutningi aðilja upplýsist, að inneign þessi hefur verið kr. 4508.36. Að visu er hér ekki að ræða um kröfu samkv. skulda bréfi, er fyrnist aðeins á 10 árum eftir 1. lið, 4. gr. fyrningarlaganna, þar sem upphæðin er óákveðin samkv. veðskjalinu, en þar sem krafan þó fyrnist ekki á 4 árum samkv. 3. gr. sömu laga, þarf hún 10 ár til fyrningar eftir 2. lið 4. gr. fyrningarlaganna. Er krafan því ófyrnd að fyrningarlögum, og þar sem eðlilegt er að telja, að inn eignin — milli sildarkaupmanna — beri vexti eftir gjalddaga, þótt óumsamið væri, væri krafa stefnanda um vöxtu af inneigninni í sjálfu sér lögmæt, en ekki krafa um endurgreiðslu málskostnaðar og fjárnámskostnaðar, því að hjá slíkum tilkostnaði gat Karvel Jónsson komið að greiða, án málssóknar og ganga svo að stefndum. En þótt þannig verði að telja rétt hjá stefnanda, að sú viðurkenning stefnds á að greiða inneign Óskars Halldórssonar, er felst í veðskjalinu, sé eigi fyrnd, þá verður að telja skuldbindingu þessa niðurfallna með nauðasamningameðferð þeirri, sem fram fór á búi stefnds af hendi skiptaréttar Strandasýslu 4. des. 1939 til 13. marz 1940 staðfestir skiptarétturinn nauðasamningana (svo), en hvorki gat stefndur í skrá þeirri, er stefndur gaf yfir skuldir sínar, um áminnsta inneign Óskars Halldórssonar né lýsti Karvel Jónsson kröfu sinni fyrir skiptaréttinum. Hins vegar er það ómótmælt af stefnanda, að stefndur hafi gefið eignir þær (tunnur tómar og með salti), er hann með veðskjali sínu veðsetti Karvel Jónssyni 2. maí 1937, upp meðal eigna búans. Hefur stefndur gefið þá skýringu á þessu, að skuldin hafi af vangá fallið undan hjá sér af skuldaskránni, enda hafi hann verið staddur í Reykjavík, er hann samdi skuldaskrána. Verður að telja þetta að visu eigi næga afsökun, en skiljanlegt eins og á stóð með skuldbindingu veðskjalsins fyrir upphæð, sem ekki var ákveðin í sjálfu veðskjalinu. En þar sem Karvel Jónsson mátti eða átti að vita, að hann með því að þinglýsa ekki veðskjalinu í tæka tíð samkv. 7. gr. veðlaganna hafði ónýtt veðréttinn gagnvart búi stefnds og nauðasamningameðferð bú hans og að krafa hans var fyrir vangæzlu hans um þinglýsingu í tæka tíð orðin almenn krafa, og að nauðasamningarnir því bundu hann sem kröfuhafa, enda þótt þeir hefðu ekki bundið hann, ef hann hefði látið þinglýsa veðskjalinu í tæka tíð.¹⁾ Krafa hans var að visu ekki svo há, að hann með henni hefði getað hindrað nauðasamningana, eins og nauðasamningameðferð skiptaráðanda ber með sér,

1) Eftirsetningu vantar hér í handr. dómsins.

en honum bar að lýsa kröfu sinni, og á sjálfum sér því mest að kenna um, að hann fékk ekki úthlutunarpennina, 21% af kröfu sinni, eins og hún hefði verið úrskurðuð gild af skiptaréttinum. Ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en með tilliti til þess, að stefndur á líka sök á því, að krafa Karvels Jónssonar kom eigi fyrir skiptaréttinn eða var tekin til greina við nauðasamninga-meðferð skiptaréttarins á þú stefnds, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Ragnars Siglufirði, sé sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 26. janúar 1944.

Nr. 59/1943. **Valdstjórnin** (cand. jur. Ragnar Ólafsson)
gegn

Jóni Ívarssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar lög nr. 99 19. des. 1942 og auglýsing sett samkvæmt þeim sama dag komu til framkvæmdar, voru í gildi ýmis ákvæði um hámarksverð á vörum og hámarksálagningu á vörur, er sett höfðu verið af dómnefnd í verðlagsmálum, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1942 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum. Í nefndri auglýsingu 19. des. 1942 er lagt bann við því að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru innlenda eða erlenda við herra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Ákvæði þessi skyldu gilda til og með 28. febr. 1943.

Nú kom það í ljós, að verðlag sömu vöru á sama verzlunarstað þann 18. des. 1942 var mishátt, og það á vörum, er verðlagðar höfðu verið í samræmi við ákvæði dómnefndar í verðlagsmálum. Þessu olli misjafnt innkaupsverð. Virtist þá dómnefndinni hæpið að banna verzlunum að selja vörur því verði, sem dómnefndin hafði áður ákveðið, og verzlunar þvi höfðu löglega á þær sett. Dóm-